

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Félagarnir Ívar Geirsson og Sigurður Sigurðsson skoða hér þurrkaðan ufsa á skúr í Gjógv í Færeyjum. Þeir tóku þátt í vel heppnaðri sumarferð stéttarfélaganna til Færeyja í lok júní. Í Fréttabréfinu er að finna ferðasögu sem Sigríður Guðnadóttir tók saman. Fréttabréfið þakkar Sigríði fyrir skemmtilega samantekt.

Myndina tók Aðalsteinn Árni Baldursson.

Attention!

Are you a foreign worker in or around Húsavík? The Húsavík Labor Organization represents and assists all those who are working in the area. If you have any questions about wages, working hours, working conditions or any other aspect of your work you can contact us through e-mail:

snabbi@vh.is or kuti@vh.is, in the phone number 464-6600 or in our office at Garðarsbraut 26 in Húsavík.

The Húsavík Labor Organization. Garðarsbraut 26
640 Húsavík
Phone: 464-6600
Fax: 464-6601

Íbúar Skeggja- staðahrepps ath.

Verkalýðsfélag Þórshafnar er öflugt félag sem er í góðu samstarfi við Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Við sameiningu Þórshafnarhrepps og Skeggjastaðahrepps hefur félagssvæði Verkalýðsfélags Þórshafnar verið stækkað og nær nú yfir nýja sveitarfélagið, Langanesbyggð. Félagið hefur óskað eftir viðræðum við Afl, starfsgreinafélag Austurlands um skiptingu félagssvæðisins því samkvæmt lögum ASÍ ber stéttarfélögum að ná yfir allt sveitarfélagið. Verkalýðsfélag Þórshafnar varð því að breyta sínum lögum og stækka félagssvæðið. Sama verður Afl, starfs-

greinafélag Austurlands að gera nema félögin semji um skiptingu svæðisins. Það er von Verkalýðsfélags Þórshafnar að gengið verði frá skiptingunni sem fyrst og verði í kjölfarið kynnt fyrir félagsmönnum Afls og Verkalýðsfélags Þórshafnar í Langanesbyggð. Til viðbótar má geta þess að íbúar Skeggjastaðahrepps fá nú í fyrsta skipti Fréttabréf stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum sem gefið er út 5 til 6 sinnum á ári. Fréttabréfinu er ætlað að miðla upplýsingum til félagsmanna um það helsta sem er að gerast á vegum félaganna á hverjum tíma. Heimasíða stéttarfélaganna er vh.is.

Ungt fólk og orlofsuppbót



Mikilvægt er fyrir ungt fólk sem ræður sig til sumarstarfa að bafa í buga að það getur borgað sig að vinna lengur í sumar en það ráðgerði og öðlast þannig rétt til orlofsuppbóta.

Ungt fólk sem ræður sig til sumarstarfa og starfar eftir kjarsamningnum á rétt á orlofsuppbót enda starfi það í 12 vikur eða lengur í sumar. Slíkir starfsmenn fá hlutfall af fullri orlofsuppbót sem er mismunandi eftir því við hvað menn vinna. Oft gerist það að sumarstarfsmenn ákveða að hætta tímanlega áður en skólar byrja sem leiðir

í mörgum tilfellum til þess að viðkomandi aðilar ná ekki 12 vikna vinnu og verða því af orlofsuppbótinni. Því er rétt fyrir ungt fólk og aðra þá sem ráða sig til sumarstarfa að hafa þetta í huga þegar þeir hætta í haust. Í einhverjum tilfellum getur borgað sig fyrir starfsmennina að vinna aðeins lengur og öðlast þannig rétt til orlofsuppbóta.



Í vetur bafa starfsmenn stéttarfélaganna farið í heimsóknir í flesta grunnskóla í Þingeyjarsýslum. Tilgangur heimsóknanna hefur verið að fræða unga fólkið um vinnu- markaðinn og blutverk stéttarféлага. Heimsóknirnar bafa verið afar fróðlegar og nemendur almennt verið ánægðir með fræðsluna. Þessar myndir eru teknar af ábúgasömum nemendum Borgarbólsskóla á Húsavík og Grunnskóla Skútustaðahrepps.

Brotið á erlendu verkafólki

Skrifstofa stéttarfélaganna hefur undanfarið fengið nokkur mál inn á borð til sín sem tengjast brotum atvinnurekenda á erlendu verkafólki. Þessi brot hafa aukist eftir 1. maí þegar ný lög tóku gildi um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins til Íslands. Stéttarfélagin leggja

mikið kapp á að fylgjast vel með þeim erlendu starfsmönnum sem hingað koma til starfa með það í huga að standa vörð um þeirra réttindi. Stéttarfélagin munu ekki líða að fyrirtæki virði ekki íslenska kjarasamninga og lög, því verður tekið fast á þeim brotum sem upp koma á hverjum tíma.

Snæbjörn formaður



Á síðasta starfsári hélt Verslunarmannafélag Húsavíkur upp á 40 ára afmæli félagsins.

Aðalfundur Verslunarmannafélags Húsavíkur var haldinn 29. maí. Félagsmenn í árslok 2005 voru 171, þar af voru 127 konur og 44 karlar. Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 6.617.905,- sem er hækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 1.631.578,- til 64 félagsmanna, sem er 82% hækkun frá árinu áður. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 13.096.636 og eigið fé í árslok nam kr. 97.195.646,- og hefur aukist um 10,71% að raungildi frá fyrra ári. Félagið er aðili að Starfsmenntunarsjóði verslunar og skrifstofufólks. Félagsmenn fengu kr. 655.000,- í styrk frá sjóðnum á árinu 2005. Sjóðurinn styrkir tómstundanám, starfstengt nám og ferðakostnað félagsmanna. Í tilefni af því að 6. september 2005 voru 40 ár liðin frá stofnun félagsins var boðið til veislu þann 12. nóvember og mættu 60 manns á Gamla Bauk til að fagna

þessum tímamótum. Jafnframt var öllum félagsmönnum gefin taska sem merkt var félaginu í tilefni afmælisins. Á fundinum voru samþykktar breytingar á úthlutunareglum úr sjúkrasjóði félagsins. Þær breytingar fela m.a. í sér að greiðslur sjúkradagpeninga verða tekjutengdar og munu nema 80% af meðaltekjum félagsmanna í stað fastrar krónutölu áður sem mun fela í sér nokkra útgjaldaaukningu fyrir sjóðinn. Ágúst Óskarsson lét af formennsku félagsins og Martha Dis Brandt, Anna S. Jónsdóttir og Magnea Dröfn Arnardóttir létu einnig af stjórnarstörfum. Í stað þeirra voru kjörin Snæbjörn Sigurðarson sem formaður og Unnur Guðjónsdóttir, Árný Dalrós Njálisdóttir og Birgitta Bjarney Svavarsdóttir í varastjórn. Aðrir stjórnarmenn eru: Brynja Pálsdóttir, Aðalbjörg Ívarsdóttir, Hafliði Jósteinsson og Laufey M. Einarisdóttir.

Ungt fólk - innganga

Rétt er að minna ungt fólk sérstaklega á, að það þarf að ganga formlega í Verkalýðfélag Húsavíkur og nágrennis til að teljast fullgildir félagsmenn. Sama á við um önnur

aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna. Þeir sem verða 16 ára á almanaksárinu eiga rétt á inngöngu sem og þeir sem orðnir eru 16 ára.

Afkoma Þingiðnar góð



Brátt fyrir góða afkomu Þingiðnar voru menn þungt bugsi þegar ársreikningar félagsins voru kynntir.

Aðalfundur Þingiðnar, félagsiðnaðarmanna í Þingeyjarsýslum var haldinn 8. júní. Fullgildir félagsmenn í Þingiðnu eru 96 talsins. Félagsgjöld og iðgjöld ársins námu kr. 5.956.188,- sem er 24,3% hækkun frá fyrra ári. Bætur og styrkir úr sjúkrasjóði námu kr. 25.968,- sem er veruleg lækkun frá síðasta ári. Félagið er eigandi af 25% hlut í orlofsíbúð að Freyjugötu 10a í Reykjavík með Verslunarmannafélagi Húsavíkur. Þá seldi félagið hlut þess í Félagsheimili Húsavíkur á síðasta ári eins og önnur aðildarfélag Skrifstofu stéttarfélaganna. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 9.856.099,- og eigið fé í árslok nam kr. 94.375.114,- og hefur aukist um 7,2% að raungildi frá fyrra ári. Á

síðasta starfsári var félagsmönnum boðið upp á ódýrar orlofsferðir til Króatíu. Félagið stóð fyrir ferð í apríl til Reyðarfjarðar og í Fljótsdal sem tókst mjög vel. Þá niðurgreiddi félagið kostnað félagsmanna vegna starfstengdra námskeiða sem nam um 75% af námskeiðskostnaði viðkomandi aðila. Nánast ekkert atvinnuleysi hefur verið hjá iðnaðarmönnum á félagssvæðinu undanfarin ár. Töluvert hefur verið um verkefni á svæðinu, eins hafa verktakar verið duglegir að afla sér verkefna víða um land. Á fundinum kom fram ánægja með starfsemi félagsins. Þá var samþykkt að stórhækka styrki úr sjúkrasjóði félagsins og var ný reglugerð sjúkrasjós samþykkt samhljóða. Jónas Kristjánsson var endurkjörinn formaður félagsins.

Stofnfundur VHN



Það er fjölmennt lið sem kemur að stjórnunarstörfum fyrir nýja félagið. Myndin er af stjórn og trúnaðarmannaráði Verkalýðfélags Húsavíkur og nágrennis. Á myndina vantar Torfa Aðalsteinsson

Stofnfundur Verkalýðfélags Húsavíkur og nágrennis var haldinn 6. júní 2006 í sal stéttarfélaganna. Góð mæting var á fundinn sem var líflegur og að honum loknum voru veitingar í boði félagsins.

Á fundinum voru samþykkt ný lög og reglugerð sjúkrasjós sem tryggir félagsmönnum mjög góð réttindi. Aðalsteinn Á. Baldursson

var kjörinn formaður nýja félagsins og Kristbjörg Sigurðardóttir varaformaður. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum spruttu miklar umræður m.a. um tillögur Samtaka atvinnulífsins um launahækkanir á almenna vinnumarkaðnum svo ekki komi til uppsagna í haust á gildandi kjarasamningum.

Spói sigraði



Björn Guðjónsson sem keppti fyrir Skrifstofu stéttarfélaganna sigraði í firmakeppni Grana á bestinum Spóa frá Halldórsstöðum.

Hestamannafélagið Grani hélt firmakeppni 16. júní á skeiðvelli félagsins á Húsavík. Fjöldi keppenda og fyrirtækja tóku þátt í firmakeppninni. Sigurvegari varð Björn Guðjónsson á hestinum Spóa frá Halldórsstöðum í Reykjadal en hann keppti fyrir Skrifstofu stéttarfélaganna. Björn reið honum í úrslitunum en Einar Víðir sýndi hann í forkeppninni auk þess sem hann hefur þjáfað hestinn. Þar sem Einar Víðir var með tvo hesta í úrslitunum var Björn fenginn til að sýna Spóa í úrslitunum. Gott veður var þegar mótið fór fram og var létt yfir mönnum. Að móti loknu komu hestamenn saman í félagsaðstöðunni og gerðu sér glaðan dag eftir vel heppnað mót. Grana-menn voru ánægðir með mótið og báðu Fréttabréf stéttarfélaganna að

koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem komu að mótinu með styrkjum eða vinnu.

Fullorðinsflokkur:

Björn Guðjónsson, Spói frá Halldórsstöðum, Skrifstofa stéttarfélaganna
Gísli Haraldsson, Bjarklind frá Húsavík, Fiskbúð Húsavíkur
Helgi Árnason, Sara frá Húsavík, Tækniþing
Einar Víðir Einarsson, Óratoria frá Syðri-Sandhólum, Norðurlax Berglind Sigurðardóttir, Andakt frá Húsavík, Salka

Barnaflokkur:

Egill Vignisson, Ívar frá Húsavík, Múrbúðin
Telma Líf Gunnarsdóttir, Pardus, Tákn

Fréttir af aðalfundi VH



Góð mæting var á aðalfund Verkalýðsfélags Húsavíkur sem baldinn var í lok maí. Hér má sjá þrjá beiðursmenn sem létu sig ekki vanta, þá Pétur Pétursson, Þórð Adamsson og Gunnar Jóhannesson.

Verkalýðsfélag Húsavíkur hélt aðalfund félagsins fyrir starfsárið 2005 þann 24. maí. Um síðustu áramót voru 1153 félagsmenn skráðir í félagið, þar af 578 karlar og 575 konur. Alls greiddu 1715 einstaklingar félagsgjald til félagsins á síðasta ári. Fjárhagsleg afkoma félagsins var mjög góð á árinu 2005 og varð hagnaður af öllum sjóðum félagsins. Alls nutu 318 félagsmenn bóta frá sjúkrasjóði félagsins á árinu. Samtals námu greiðslur vegna sjúkradagpeninga, annarra sjúkrabóta og styrkja kr. 11.931.876 sem er 21% hækkun frá fyrra ári. Alls fengu 175 félagsmenn atvinnuleysisbætur á árinu 2005 frá Vinnuálfstofnun. Þar af 77 karlar og 98 konur. Samtals greiðslur í atvinnuleysisbætur fyrir árið 2005 voru 35.037.728,- alls með mótfamlagi í lífeyrissjóð 37.140.232,- sem er smá lækkun milli ára. Atvinnuástandið var

almennt gott á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur á árinu 2005 og nokkuð var um að félagið skrifaði upp á atvinnuleysi fyrir fyrirtæki sem ekki fengu fólk til starfa. Atvinnuástand á félagssvæði Verkalýðsfélags Húsavíkur var með því besta sem gerðist á Norðurlandi á síðasta ári. Á síðasta starfsári fengu félagsmenn sem sóttu námskeið greiddar 2.4 milljónir í styrki frá félaginu. Samtals fengu 111 einstaklingar greidda styrki, það er 71 kona og 40 karlar. Á fundinum var samþykkt tillaga um að sameina félagið, Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar frá og með 6. júní 2006 undir nafninu Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis. Vegna góðrar stöðu félagsins var samþykkt að stórhækka styrki úr sjúkrasjóði til þeirra félagsmanna sem eiga við veikindi að stríða. Þá verða forvarnarstyrkir einnig hækkaðir.

Greiða ber orlofsuppbót

Orlofsuppbót á að greiðast þegar starfsmenn fara í orlof, en þó eigi síðar en 15. ágúst. Mörg fyrirtæki og stofnanir hafa mótað sér þá reglu að greiða hana út í byrjun sumars, t.d. með launa-útborgun 1. júní ár hvert. Full orlofsuppbót er kr. 22.400 á almennu verkafólki og iðnaðarmönnum, kr. 16.900 hjá afgreiðslu- og skrifstofufólki. Hjá starfsmönnum ríkis og

sveitarfélaga er hún almennt kr. 22.400. Uppbótin greiðist síðan í hlutfalli við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu frá 1. maí 2005 – 30. apríl 2006. Rétt er að taka fram að í ákveðnum tilfellum getur starfsfólk átt rétt á hærri orlofsuppbót, það á sérstaklega við um starfsmenn sveitarfélaga og ríkisins.

Atvinnuhúsnæði til leigu!



Stéttarfélagið auglýsa til leigu 64m² húsnæði að Garðarsbraut 26, núverandi hársnyrtistofu Jónu og Rósu. Húsnæðið hentar mjög vel undir allskonar starfsemi. Áhugasamir hafi samband við Aðalstein Á. Baldursson á Skrifstofu stéttarfélaganna.

VHN og Hþ gera samkomulag

Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis gekk nýlega frá samkomulagi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga um hækkun á launum starfsmanna umfram gildandi kjarasamninga. Samkomulagið byggir á heimild fjármálaráðherra til

að hækka laun starfsmanna á stofnunum ríkisins sem starfa eftir kjarasamningi Starfsgreina-sambands Íslands og ríkisins. Hækkunin gildir frá 1. maí 2006 og felur í sér fjögurra launaflokka hækkun.



Olga Gísladóttir stjórnarmaður í Verkalýðsfélagi Húsavíkur og nágrennis er hér ásamt þeim Þorvaldi og Eggerti hjá Norðurvík að skoða orlofsbús félagsins í Drangbólaskógi. Til stendur að gera nokkrar breytingar á búsinu og voru þeir félagar að skoða það sem þarf að laga.

Vel heppnuð hátíðarhöld 1. maí



Fosshótel Húsavíkur var þéttsetið á hátíðarhöldunum 1. maí.

Hátíðarhöldin 1. maí voru einkar vel heppnuð og mættu um 600 manns til að hlýða á ræður, söng og gamanmál á Fosshótel Húsavíkur.

Formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, Aðalsteinn Á. Baldursson, hélt setningarræðu og hátíðaræðuna hélt að þessu sinni Ólafía Helga Jónasdóttir nemi í Borgarhólsskóla en ræðan var sett saman úr ræðum 27 nemenda úr 10. bekk

skólans og kenndi þar ýmissa málefna sem alla jafna er ekki fjallað um á 1. maí. Kynnir var Agnes Árnadóttir, nemi í Framhaldsskólanum á Húsavík.

Einar Georg Einarsson fór mikinn í gamanmálum þar sem hann fjallaði m.a. um stóriðju og fermingar auk þess að bregða sér í líki þjóðkunnra Íslendinga við mikil hlátrasköll viðstaddra.

flutti tölu um starf Kristjáns fyrir verkalýðshreyfinguna og lofaði hann fyrir vel unnin störf á þeim vettvangi og öðrum.

Að lokinni dagskrá buðu stéttarfélagin upp á kaffiveitingar og lögðu margir hátíðargestanna þá leið sína upp í Safnahús þar sem sýningu ríflega 40 alþýðulistamanna var að ljúka. Góð aðsókn

var að sýningunni og rituðu 660 gestir nafn sitt í gestabók en gera má ráð fyrir að einhverjir tugir til viðbótar hafi notið sýningarinnar.

Stéttarfélagin vilja færa öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn við hátíðarhöldin kærar þakkir fyrir frábærlega unnin störf sem skiluðu sér í skemmtilegum og ánægjulegum hátíðarhöldum.



Arni Kjartansson og Halldór Heiðberg Sigfússon starfsmenn Norðurþings að störfum í Þverboltinu á Húsavík þegar umið var við malbikun götumnar.

Miklar framkvæmdir á Illugastöðum



Búið er að tengja bitaveitu og koma fyrir beitum potti við orlofsbús VHN á Illugastöðum.

Síðustu mánuði hafa staðið yfir miklar framkvæmdir á Illugastöðum í Fnjóskadal þar sem Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis á orlofshús. Lokið er framkvæmdum við tengingu hitaveitu frá Reykjum í Illugastaði og hafa orlofshúsin þegar verið tengd við

veituna. Búið er að setja nýtt ofnakerfi í bústaðina og þá hefur veröndin við hús Verkalýðsfélagsins verið stækkuð og komið fyrir heitum potti. Einnig er búið að setja slitlag á vegi í orlofsbyggðinni. Öll aðstaða á Illugastöðum er því orðin eins og hún gerist best.



Stéttarfélagin stóðu fyrir listsýningu í Safnahúsinu á Húsavík sem vakti mikla athygli.



Hátíðarræða Ólafíu Helgu Jónasdóttur vakti mikla athygli enda samín af nemendum 10. bekkjar Borgarhólsskóla sem sjá oft blutina í öðru ljósi en fullorðnir.

Tónlist spilaði stóra rullu í hátíðarhöldunum þetta árið og voru þingeykskir lagahöfundar og flytjendur í aðalhlutverki. Trío reiðinnar flutti nokkur lög úr leikritinu Þrúgur reiðinnar auk þess að flytja Internationalinn. Ína Valgerður Pétursdóttir, Idol-stjarna, Aðalsteinn Júlíusson, Bylgja Steingrímsdóttir og Karlakórinn Hreimur undir stjórn Róberts Faulkner fluttu nokkur lög eftir þingeyska lagahöfunda við undirleik stórsveitar Guðna Braga.

Í tilefni af 95 ára afmæli Verkalýðsfélags Húsavíkur var ákveðið að gera Kristján Ásgeirsson að heiðursfélaga en hann var í stjórn félagsins í 27 ár, lengst af sem formaður og varaformaður. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ

Ný reglugerð sjúkrasjóðs samþykkt

Aðalfundur Verkalýðsfélags Þórshafnar var haldinn 19. júní á Þórshöfn. Fjölmenni var á fundinum og tókst fundurinn vel. Kristín Kristjánsdóttir var endurkjörin formaður félagsins. Alls eru 135 félagsmenn skráðir í félagið. Félagsgjöld og iðgjöld hækkuðu milli ára og voru skil á gjöldum góð. Heildartekjur félagsins voru 12,1 milljón. Rekstrarútgjöld voru hins vegar 8,4 milljónir. Heildareignir félagsins í árslok voru 29 milljónir. Þá fengu félagsmenn um 2,6 milljónir í styrki frá félaginu á síðasta starfsári. Félagið var í samstarfi við stéttarfélagin á Húsavík um orlofsmál og gekk samstarfið afar vel að mati formanns VP. Þá stóð félagið fyrir nokkrum námskeiðum á síðasta ári sem tókust vel. Á fundinum í gær var þess einnig minnst að um þessar mundir eru 80 ár síðan félagið var stofnað. Sameiningarmál stéttar-



Kristín Kristjánsdóttir var endurkjörin formaður VP sem kom ekki á óvart þar sem hún hefur verið mjög farsæl í starfi. Með benni á myndinni er barnabarnið bennar sem er án efa gott formannsefni þegar amma bættir.

féлага komu einnig til umræðu á fundinum. Í lok fundar var boðið upp á kaffiveitingar.



Góð mæting var á aðalfund Verkalýðsfélags Þórshafnar sem haldinn var nýlega.



Hraðfrystistöð Þórshafnar stóð nýlega fyrir 40 stunda fiskvinnslu námskeiði fyrir starfsmenn. Í lok námskeiðsins afhendi formaður Verkalýðsfélags Þórshafnar þátttakendum smá gjöf frá félaginu. Á myndinni er blúti starfsmanna ásamt formanni VP.

SUMAROPNUN

Í sumar er Skrifstofa stéttarfélaganna opin virka daga milli 8 og 16. Opið er í hádeginu.



Pú Group

Þú ert framkvæmdastjórinn

Viðskiptavinirnir eru okkar mikilvægasta fjárfesting. Þú stýrir þínum fjármálum og ert framkvæmdastjóri og langstærsti hluthafinn í Pú Group. Það er engin tilviljun að viðskiptavinir Sparisjóðsins eru þeir ánægðustu í bankakerfinu 7 ár í röð.



Við lögum okkur að þínum þörfum!



SPARISJÓÐUR
Þórshafnar og nágrennis

Bakkafirði | Kópaskeri | Raufarhöfn | Þórshöfn

Eyjarnar heilla

Dagbók úr Færeyjaferð 2006

Eftirvænting skein úr andlitum ferðalanganna sem lögðu upp í ævintýraferð til Færeyja fimmtudagsmorguninn 22. júní sl. Í hópinu voru fjórutíu manns með bílstjóra. Flestir voru að fara sína fyrstu ferð til Færeyja og nokkrir í sína fyrstu utanlandsferð. Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis stóð fyrir ferðinni og skipulagði í samvinnu við Svein Sigurbjarnarson frá Eskifirði sem var bílstjóri okkar.

Félagarnir Sveinn og Aðalsteinn stytta okkur stundir með ýmsum fróðleik á ferðum okkar. Sveinn studdist við skráðar heimildir, en Aðalsteinn lét okkur ýmsan fróðleik í té sem hann sagði vera lauslega þýddan. Skáldið okkar í ferðinni, Ingólfur Jónsson bóndi á Mörk í Kelduhverfi, orti þessa vísu:

*Með okkur er söguþveinn
sem að leiðir velur.
Orkuboltinn Aðalsteinn
alla sauði telur.*

Færeyjar eru átján talsins allar byggðar nema ein, Litli – Dímon, sem er þeirra minnst. Íbúarnir, um 49 þús., eru aflappaðir, gestrisnir og vingjarnlegir. Í höfuðstaðnum Þórshöfn eru íbúar nærri 19 þús.

Miklar andstæður eru í landslaginu, dalir og þverhnipt fjöll, ekki ósvipað því sem er á Vestfjörðum, nema græni liturinn upp á fjallatoppa. Nær alls staðar er byggðin nær sjó og í þyrpingum eða hverfum og ekki var mikið um stakar bújarðir. Húsin er yfirleitt byggð úr timbri, máluð í sterkum litum og er svartir liturinn áberandi.

Vegakerfið er gott hjá Færeyingum, allir vegir malbikaðir sem eru um 600-700 km (en við okum 820 km). Við fórum í gegnum mörg jarðgöng sem liggja í gegnum fjöll og tvenn sem liggja undir sjó, en samtals eru jarðgöngin í Færeyjum 90 km. Eldri gerðin af jarðgöngunum eru ekki upplýst en þau allra nýjustu eru vel lýst.

Alls staðar sem við okum um sáum við kindur, en þær voru yfirleitt í afgirtum hölfum nálægt byggð og það var ekki óalgeng sjón að sjá eina til tvær kindur í gördum fólks og vorum við að velta því fyrir okkur hvort þetta væri garðsláttuvélar á fjórum fótum. Annars voru þær í vegköntum og upp um öll fjöll. Það eru um 70 þúsund fjár í eyjunum. Fyrir utan kindurnar sáum við tvo héra á hlaupum. Það vakti athygli okkar að það er ekkert



Hópurinn saman kominn sæll og glaður. Í baksýn má sjá náttúruundrið, risann og kerlinguna.

sláturhús í Færeyjum heldur tíðkast þar heimaslátrun við misjafnar aðstæður.

Húsagarðarnir voru afar fallegir og snyrtilegir með runnum og fjölærum jurtum.

Aðalíprótt Færeyinga er fótbolti og alls staðar eru fullkomnir fótboltavellir með gervigrasi.



Guðmundur Valur, Ólafur Stefáns, Haukur Loga og Birgir Þór ræða við Sverri Paturson í Kirkjubæ sem hafði frá mörgu skemmtilegu að segja.

Við vorum einstaklega heppinn með veður og hefur það mikið að segja þegar eyjarnar eru skoðaðar. Færeykskt málteki segir: „Ef þú ert óánægður með veðrið, bíddu þá í fimm mínútur“. Þetta málteki mætti líka yfirfæra á íslenska veðráttu, en veðráttan er mjög svipuð því sem við þekkjum hér á landi, nema returnir eru mildari í Færeyjum.

Færeyingar eru sjálfstæð þjóð innan danska ríkisins, með eigið mál og fána og eru alltaf að öðlast meira sjálfstæði.

23. júní, föstudagur

Þegar við komum til Færeyja, snemma að morgni, var að baki sautján tíma sigling með Norrænu sem mönnum kom saman um að væri afbragðs sjóskip. Við vorum komin til Þórshafnar fyrir allar aldir og ákveðið var að fara í sund. Við

sem skildi að kaffihúsið og sundlaugina.

Sæl og mett fórum við á fornan og sögufrægan stað sem heitir Kirkjubour eða Kirkjubær á Straumey, 13 km frá Þórshöfn. Þar er kirkja, frá því um 1100, helguð Ólafi helga Noregskonungi og heitir Ólafskirkja og er elsta kirkjan í Færeyjum sem enn er notkun. Gerðar voru breytingar á henni 1874 og við það missti hún hið upprunalega útlit og aftur 1966 og þá var reynt að koma henni í sem upprunalegasta hof. Fjórðan forlata kirkjubekkir með fagurlegum útskornum göflum voru m.a. fjarlægðir, en þeir eru nú til sýnis á fornminjasafninu í Þórshöfn, sem við heimsóttum síðasta daginn okkar í Færeyjum.

Á Kirkjubæ hefur sama ættin ríkt í sautján ættliðið og þar býr nú Sverrir Paturson en langamma hans, Guðný Eiríksdóttir, var ættuð frá Reyðarfirði. Sverrir dvaldi á Íslandi í nokkur ár og nam búfræði á Hvanneyri og vann á Akranesi. Sverrir er vinur Sveins bílstjóra og kom hann og heilsaði upp á hópinn og sagði okkur skemmtilegar sögur frá Íslandsárunum. Þetta var fyrsti Færeyingurinn sem við hittum, sem hafði dvalið við nám og störf á Íslandi, en alls ekki sá síðasti. Í nær öllum bæjum hittum við Færeyinga sem höfðu starfað á Íslandi.

*Það veit enginn framtíð,
þó veðrið sé gott,
því vildi ég um þetta rita,
því Hafðís er indæll
með hnakka svo flott,
ég hef hana sem áttavita.*

nýttum tímann til að fara í skoðunarferð um bæinn, ganga um bryggjuna, skoða báta og gömul hús þar til sundlaugin opnaði kl. sjö. Sundlaugin var innandyra með stökkbrettum sem nokkrir leituðust við að sýna listir sínar á, en með misjöfnum árangri. Að sundspretti loknum settumst við inn á kaffihús sem staðsett var á sundlaugarbarminum og á meðan við sötruðum kaffi og borðuðum nýbokuð rúnnestykki gátum við virt fyrir okkur sundlag fólks í gegnum gluggann



Frænkurnar, Hulda Skarphéðins frá Húsavík og Hanna Sigfúsdóttir frá Hvammi í Þistilfirði létu vel af sér í Færeyjum enda tókst ferðin í alla staði mjög vel.

Ingólfur sat fyrir aftan Hafðisi Halls í rútunni. Ef hún var ekki sest áður en hann kom í rútuna varð hann alveg áttavilltur og fann ekki sætið sitt.

Fyrstu þrjár næturnar gistum við í litlum bæ, Runavík á Austurey, með rétt um fimm hundruð íbúa en í sveitarfélaginu búa um 2.500. Þarna er ein aðalgata með mörgum verslunum, en ekkert kaffihús fannst þar, hversu mikið sem leitað var. Við dvöldum á Hótel Runavík (Sjómansheimið), en vegna plássleysis á hótlinu voru nokkrir sem fengu íbúðarhús til umráða, sem kallað var „ðánarbúið“, en hafði ekkert með þá að gera sem þar dvöldu. Þar gátum við sungið og trallað, en í hópnum var gott söng-fólk.

Næstu daga voru farnar skoðunarferðir vítt og breitt um eyjarnar: Suðurey, Austurey, Borðey, Konuey, Straumey og Voga.

24. júní, laugardagur

Ferðin á Suðurey var ógleymanleg fyrir þær sakir að okkur var



Kempurnar, Siggi Stýrsi og Óli Jak stilltu sér upp til myndatöku við stórt hvalbein sem Færeyskur bátur fékk í trollið við strendur Íslands fyrir nokkrum árum.

óvænt boðið heim til Ingeborgar Vinther, fremsta verkálföðsforingja Færeyinga sem býr í Vogum á Suðurey þó hún starfi í Þórshöfn. Það er tveggja tíma sigling með ferju á milli þessara staða. Ingeborg er góð vinkona Aðalsteins formanns VH en þau þekkjast í gegnum norrænt samstarf. Krásir voru bornar fram þar til að borðið svignaði undan svínakjöti, skerpukjöti, rækjum, lifrarpýlsu, áleggi, brauði, eftirrétti, kaffi, öli og víni. Fólk fór í stríðum straumum inn í búrið hjá Ingeborgu til að sjá skerpukjötið sem hékk þar, en það voru tvö læri af veturgömlum hrútum.

Þessa helgi var Jónsmessu-hátíð á Vogum á Suðurey. Við horfðum á mikla róðrarkeppni sem þar fór fram og ungt fólk frá flestum bæjum tók þátt í. Róður er vinsælasta íþróttin í Færeyjum á eftir fótbolta. Á þessari hátíð opna íbúar heimili sín upp á gátt fyrir gestum og gangandi og bjóða upp á kaffi og kökur eða einhverja hressingu.

25. júní, sunnudagur

Þennan dag heimsóttum við m.a. Norðureyjarnar eða tvær af þeim: Borðey og Konuey. Frá Leirvík til Klaksvíkur á Borðey fórum við um nýopnuð göng, undir sjó, en þau eru svipuð á lengd og Hvalfjarðargöngin 6 – 7 km. Jarðvegurinn sem kom úr göngunum var notaður til uppbyggingar lands, en land er af skornum skammti í Færeyjum og þess vegna mikils virði. Færeingar vilja ekki selja land af því að það er svo verðmætt. Klaksvík er afskaplega fallegur hafnarbær og er næst stærsti bær í Færeyjum með um 4.500 íbúa. Þar skoðuðum við merka kirkju, Christianskirkju teiknuð af Peter Koch, sem var byggð utan um risastóra altaristöflu eftir Joakim Skovgaard og upphaflega átti að vera í dómkirkjunni í Viborg í Danmörku.

Á Konuey fórum við í samnefndan bæ með 60 íbúum, ótrúlega sjarmerandi gamall bær sem stendur undir fögrum fjöllum með hamrabeltum. Til að komast þangað ókum við í gegnum einbreið göng og þeir sem komu á móti áttu að víkja. Þarna á Konuey féll ég fyrir Færeyjum, fegurðin og kyrrðin var svo mikil og nú fyrst sáum við í fjallstoppana, en fyrri dagana földu þeir sig í þöku. Fjöllin gengu þverhnipt, næstum lóðrétt niður í sjó. Þarna upplifði ég græna litinn svo sterkt sem einkennir Færejar og nær alveg upp á fjallstoppa.

Á Austurey voru helstu bæir skoðaðir eins og Leirvík (um 865 íbúar) og Fuglafjörður (um 1500 íbúar). Í Leirvík skoðuðum við gervi-grasvöll og ókum fram hjá sörp-



Sveinn fararstjóri ræðir hér við Daniel, Hallfríði og Ingólfi í Mörk um eitthvað afar spennandi málefni.

eyðingastöð og hausaburrrunarstöð sem er í eigu Samherja. Til Fuglafjarðar hafa húsviskir sjómenn löngum siglt, en þar er eina loðnu-bræðslan í Færeyjum. Frá verksmiðjunni sést enginn reykur, þar sem hann er leiddur í 1.5 km göngum út í sundið. Vegna plássleysis er útsjónarsemi Færeyingum í blóð borin og þarna höfðu þeir búið til frystiskáp inn í berginu sem vakti athygli okkar. Stefnan var tekin á Gjógv eða Gjána. Byggðin dregur nafn sitt af gjá sem gengur inn í landið frá opnu hafi. Gjáin er engin smásmíði, löng, breið og djúp, litfögur og bakkarnir grónir. Hún hefur verið notuð sem höfn og innst í henni er bátauppsátur. Gjáin er sögð góð báthöfn en hefur sjálfsagt ekki verið á færi allra að taka þar lendingu í slæmu veðri. Þarna er mikil náttúrfegurð og fagurt útsýni. Í þessu fallega sveitaborpi, þar sem Dalsáin rennur í gegn um, búa um 50 manns.

Til að koma okkur upp í Gjáargarðinn, þar sem við ætluðum að drekka kaffi, fór Sveinn með okkur í gegnum þröngar og hlykkjöttar götur á „Drottningunni“ sinni. Það hefði ekki verið á færi allra að komast klakklaust í gegnum þessa þraut, maður átti alveg eins von á að lenda inn á miðju stofugólfinu í einhverju húsanna. Ferðamenn horfðu undrandi á rútuna mjakast

fram og aftur og liðast í gegnum húsabyrpinguna og upp fjallshlíðina að farfuglaheimilinu, þar sem beið okkar kaffi og kökur.

Frá Gjánni var farið yfir hæsta fjallveg Færeyja á Slættaratindi (882 m). Ekið var að Eiðiskolli þar sem við virtum fyrir okkur um 75 m háa klettadranga út í sjó, Risann og Kellinguna, sem horfa í átt til Íslands. Þegar búið var að mynda náttúruundrin þá var tekið til við að mynda hópinn góða („Kúta-grúpp“ eins og ein í hópnum vildi að hópurinn hét í höfðuð á fararstjóranum).

Henni var eitthvað brátt í brók, brá sér ekki úr fatinu, en í æsing konan endurtók; „ekki fara úr gatinu!“

Sveinn bílstjóri tók að sér að mynda hópinn og til að ná öllum á mynd stóð hann í dyrunum á rútunni. Steinfriður frá Þórshöfn vildi ólm, ásamt fleirum, fá mynd af hópnum og hrópaði: Bíddu, statu í gatinu“ og hljóp með myndavélina til hans.

26. júní, mánudagur

Við kvöldum Runavík og fórum smá hring um nesið og til Tóftar (um 800 íbúar) til að skoða íþróttamannvirkin þar, fótboltavöllinn stóra sem byggður var fyrir landsleik



Hér skoða Sigríður, Hafðís, María og Kolbrún listasafn í smábæ í Færeyjum.



Ingeborg fremsti verkalyðsforingi í Færeyjum bauð formanni VHN og gestum í beimsókn til sín á Suðurey. Meðal þess sem boðið var upp á var skerpukjöt af veturgömlum brítum sem sjá má á myndinni.



Það var mikið sungið í ferðinni. Hér taka þær lagið, Ingólfrur, Árdís, Steinfriður, María, Steingerður og Hafdís.

(1992) með miklum áhorfendapöllum. Þetta er grasvöllur einn af þremur í Færeyjum, en við hliðina er annar völlur með gervigrasi, ásamt íþróttavelli og hlaupa-brautum. Fótboltavöllurinn var á fjárlögum Tóftar í 19 ár.

Nú sáum við Risann og Kellinguna frá öðru sjónarhorni, þegar við ókum til Tjörnuvíkur sem er nyrst á Straumey. Þorpið með um 70 íbúa stendur við litla vík með sandfjöru inn í firðinum og snýr beint í norður á móti opnu hafi, þar sem Risinn og Kellingin blasa við. Þorpið er sjarmerandi og umkringgt fjöllum á þrjá vegu, ekki sést til sólar í 18 vikur á ári. Húsin standa þétt saman og göturnar eru þröngar. Vegasamband við staðinn komst ekki á fyrr en 1967. Þarna er að finna fornminjar frá víkingatímabilinu. En nútíminn var ekki langt undan. Karlmaður að hengja þvott út á snúru vakti athygli margra í hópnum, þannig að ástæða þótti til að taka myndir af fyrirbærinu! Þessi furðufugl hafði unnið á Íslandi. Hann hætti til sjós og gerðist bóndi og sagði að það væri gott að vera bóndi í Færeyjum.

Á leið okkar til Tjörnuvíkur stösuðum við tvisvar, annað skiptið til að skoða Fossá hæsta foss Færeyja og hitt skiptið stoppuðum við til að tala við bónda sem stóð upp á torfpaki og sló með orfi og ljá. Annar bóndinn í ferðinni, Tryggvi á Þverá í Reykjahverfi, stökk til bóndans og sýndi honum hvernig bændur gera Íslandi. Ég gat ekki séð teljandi mun enda er ég viðvaningur í þessum efnum. Bóndinn hafði unnið í Grindavík í fimm ár og sagði að á Íslandi væri gott að vera. Teknar voru myndir af bændunum og voru þeir sláandi líkir!

Nú var brunað til Þórshafnar í hádegisverðarboð hjá Færeyska verkalyðsfélaginu. Ingeborg Vinther tók á móti okkur ásamt félögum sínum. Að hætti Færeyinga svignuðu borðin undan smurðu brauði og

öðru góðgæti. Ingeborg fór stuttlega yfir starfsemina en það kom fram að hún hefur starfað að verka-lyðsmálum í 26 ár og setið á þingi. Þetta er afskaplega elskuleg kona og blátt áfram. Þarna sátum við í tvo tíma í góðu yfirleiti og nutum gestrisni frænda okkar. Aðalsteinn þakkaði fyrir móttökurnar og færði Ingeborgu og félögum gjafir.

Síðasta ferðin þennan dag, en ekki sú sísta, var skoðunarferð um eyjuna Voga, þar sem flugvöllurinn er. Við fórum í Gásadal sem var einn afskekktasti staður Færeyja þar til fyrir þremur árum en þá voru opnuð þangað lítil og þröng göng. Í Gásadal búa 7 manns. Áður en göngin opnuðu þurftu íbúar í dalnum að fara fótgangandi yfir fjallið til að draga björg í bú, en það tók þá klukkutíma að klifra upp fjallið en hálf tíma að fara niður.

Náttúrufegurðin í Gásadal er mikil og mjög sérkennilegt að koma þarna. Aðalsteinn hitti háaldraðan mann sem bauð honum inn í lítið og þröngt hús og vildi fræða hann um staðinn. Hann sýndi honum hvar farið var yfir fjallið og sagði að sér fyndist allt annað líf síðan göngin komu! Og enn kvað Ingólfrur, að þessu sinni til bílstjórans okkar:



Tryggvi bóndi á Þverá fékk að grípa í slátt hjá Færeyskum bónda sem var að slá þakkið á útibúsunum sínum með orf og ljá.

Sigurbjarnar sonur er sómi lands og þjóða, ferðir allar þökkum þér þær voru afbrigðs góðar.

27. júní, þriðjudagur

Við skráðum okkur inn á Hótel Færeyja í gærkveldi, en nokkrir útvaldir gistu á farfuglaheimili við hliðina sem við kölluðum "Valhöll". Ég hlakkaði til að fara í til

Saksunar á Straumey um morguninn, því ég var búin að sjá mörg póstkort með myndum þaðan. Saksun er afar sérkennileg lítil byggð sem stendur þröngt á milli fjalla. Þar er byggðasafnið „Dúva-garður“, bóndabær og kirkja. Því miður var byggðasafnið lokað. Hér var mesti hluti myndarinnar "Barbara" tekin eftir danska kvik-myndaleikstjóran Niels Malmros.



Það var margt forvitnilegt að sjá í ferðinni, hér virða Birgir, Steingerður, Valur og Ívar fyrir sér eitt af mörgum náttúruundrum í Færeyjum. Ábuginn er greinilega mikill.



Færeyska verkalyðsbreyfinginn tók vel á móti félögum stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum og bauð þeim til veglegrar veislu í bófuðstöðvum þeirra í Þórshöfn.

Myndin var gerð eftir sögu færeyska ritöfundarins Jörgen Frantz Jakobsens. Myndin hans Friðriks Þórs „Dansinn“ var líka tekinn þarna. Seinna um daginn fengum við tækifæri að skoða Saksun af sjó. Á leiðinni heimsóttum við Norðurlandahúsið og fengum okkur léttan hádegisverð. Þetta er hið fallegasta hús.

Sjóferðin um Vestmannabjörgin verður sennilega með eftirminnilegustu ferðunum. Við tókum bátinn í bænum Vestmanna (1200 íbúar) og ferðin tók um þrjá tíma. Við sigldum í kringum há fuglabjörg, inn í holur og gjár í bjarginu. Við notuðum hvert tækifæri til að syngja og prófa hinn náttúrulega hljómburð. Það þótti við hæfi að taka „Hamraborgina“ og var bassinn okkar í hópnunum best fallinn til þess. Í einu bjarginu voru nokkrar kindur á beit og vorum við að velta fyrir okkur hvernig í ósköpunum þær kæmust þangað. Skýringin var á næsta leiti, því eigandi bátsins, fullorðinn maður, tjáði okkur að þeim væri komið fyrir þarna og sýndi okkur leiðina sem gengið væri með þær upp. Síðan væru þær sóttar í september, drepnar og látnar hanga þar til í desember, þá étnar. Þetta væri gert sportsins vegna og bragðsins, en beitin þarna í bjarginu væri sérstaklega góð.

Um kvöldið borðuðum við í annað skiptið mat á Marco Polo, en

nú var þetta síðasta kvöldmáltíðin okkar. Margir fengu sér hjört að borða og smakkaðist afbragðs vel. Haldnar voru nokkrar ræður sem einkenndust af þakklæti til þeirra félaga, Aðalsteins og Sveins, sem stóðu sig með mikilli þrýði í ferðinni. Sveinn hlýtur að vera bílstjóri Íslands, því hann er svo flinkur, fróður og lipur. Aðalsteinn hélt stemningunni uppi með líflegri og bráðskemmtilegri fararstjórn. Lét sér mjög annat um ferðafélagana, enda gekk allt upp. Andinn í ferðinni einkenndist af hlýju, gleði og þakklæti.

Steingerður er stíllt, en hvað, strax ég henni unni, en aldrei fellur óhugsað orð af hennar munni.

Steingerður Gísladóttir, sem lék á alsoddi, var borðdama Ingólfs. Hann var elsti þátttakandinn en hún yngst.

28. júní, miðvikudagur

Síðasta daginn skoðuðum við okkur um í Þórshöfn, heimsóttum forminjasafnið „Föroya Forminnissafn“ sem er heimsóknarinnar virði og skoðuðum í búðir. Við lögðum af stað frá Þórshöfn klukkan 18:00 í blíðskaparveðri. Enn einu sinni fengum við að skoða náttúruundrið, Vestmannbjörgin, á leið okkar út á haf.



Þorgeir, Ásgeir og Ómar Vagns hvíla sig í einni skoðunarferðinni.

Aðskotahlutur af gamalli gerð. Gæðastjórar ei sviku, það var nú afrek í þessari ferð að þola mig heila viku.

Þessa vísu orti Ingólfur í lok ferðar, en hann kom sífellt á óvart með kveðskap sínum, hæversku, húmor, sönggleði og dansfimi.

Ég var svo heppin að eiga þess kost að fara í þessa skemmtilegu ferð með dóttur og móður. Ég þekkti engin nöfn á farþegalistanum í upphafi ferðar, nema okkar þriggja.

Þegar ferðin var hafin fór ég að geta tengt andlit við nöfnin, tengt fólk saman og farþegalistinn fór að dansa af lífi og fjöri. Ég fór að spyrjast fyrir og komst að því að þarna voru m.a.: aflakóngar, garðáhugafólk, bifvélavirki á hjólum, bóndi sem keppti í frjálsum íþróttum á yngri árum, Danir sem ákváðu að setjast að á Húsavík, söngfólk, hagarðingur, dansarar og brandarakarlar. „Engin ferð er betri en fólkið sem í henni er.“

Takk fyrir mig.
Sigríður Guðnadóttir

ÞAU ERU KOMIN!

Þegar þú kaupir gjaldeyri fyrir 20 þúsund krónur eða færð þér MasterCard kreditkort færðu stórt og fallett **handklæði** í kaupbæti.

Farðu í fríð með fjármálin á þurru:

- **Kreditkort**
 - þægilegasti og öruggasti greiðslumátinn í útlöndum.
- **Netbankinn**
 - yfirsýn og helstu bankaáðgerðir hvar sem er í heiminum.
- **Reglulegur sparnaður**
 - leggðu drög að næsta fríi.
- **Greiðsluþjónusta**
 - láttu okkur sjá um að borga reikningana.

GLITNIR

Þú færð nánari upplýsingar hjá þjónustufullbrúum í útibúum Glitnis, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á www.glitnir.is

Boðið upp á tvær brautir Samkomulag ASÍ og SA

- laun hækka um kr. 15.000 eða 5,5% -



Samstarf Fræðslumiðstöðvar Píngeyinga og Verkalýðsfélags Húsavíkur hefur verið með miklum ágætum undanfarin misseri og ætluð við sannarlega að halda því samstarfi áfram þrátt fyrir að nafnið Fræðslumiðstöð Píngeyinga, Fræþing, heyri nú sögunni til.

Fræþing sameinaðist Þekkingarsetri Píngeyinga undir nafni Þekkingarsetursins í byrjun júní s.l.

Nú þegar hugað er að starfsemi á hausti komandi þá er okkur bæði ljúft og skylt að nefna tvær námsleiðir sem mikill vilji er fyrir að koma á laggirnar. Allur undirbúningur er á frumstigi og þætti okkur fengur í því að áhugasamir hefðu samband við okkur.

Hér er annars vegar um að ræða 120 kennslustunda nám fyrir nýbúa, kallað Landnemaskólinn.

Námið spannar eina önn og mun líklega verða kennt síðdegis og jafnvel einstaka helgar. Námið er auk íslenskukennslu, tölvunám, samfélagsfræði, sjálfsstyrking og samskipti.

Markmiðið er að gera nýbúana okkar færari í því að aðlagast íslensku samfélagi og eiga góð samskipti við samstarfsfólk og vinnuveitendur.

Áætlað er að framkvæma þessa námsleið á Húsavík nú í haust.

Hins vegar er um að ræða 104 kennslustunda námsleið fyrir fólk í ferðaþjónustu með áherslu á laugar, lindir og böð. Hér er um að ræða mjög yfirgripsmikla fræðslu fyrir þessa atvinnugrein.

Almenn skyndihjálpar, sálræn skyndihjálpar, samskipti, samvinna og meðhöndlun sára, auk fræðslu um fyrirtækin og umhverfi þeirra. Þetta og margt fleira.

Vonast er til að hægt verði að fara af stað með þessa námsleið í Mývatnssveit nú í haust, en þar sem kynning er á byrjunarstigi er ekki farið að huga að mögulegum kennslutíma.

Þó er líklegt að fyrri hluti dags henti betur fyrir þá sem vinna við t.d. Jarðböðin. Báðar þessar námsleiðir eru viðurkenndar af Menntamálaráðuneytinu til styttingar náms í Framhaldsskóla. Byrjendanámskeið í íslensku fyrir nýbúa er einnig áætlað á haustönninni. Ræðst það aðallega af þörfinni fyrir slíkt nám. Þá er einnig fyrirhugað "jólablandipoka" þar sem skemmtileg jólatengd námskeið verða í boði.

Endurskoðun kjarasamninga á vettvangi ASÍ lauk með undirritun viðauka við nágildandi kjarasamninga þann 22. júní s.l. sem tekur gildi 1. júlí n.k. Samhliða því lagði ríkisstjórnin fram yfirlýsingu um hækkun persónuafsláttar, endurskoðun á vaxtabótakerfinu, breytingar á barnabótum, lækkan tekjuskattsprósentu og auknið fjármagn í starfsmenntun en þær aðgerðir hafa flestar ekki áhrif fyrr en um næstu áramót.

Þau atriði sem hafa bein áhrif á launakjör eru 5,5% kauphækkunartrygging og 15.000 kr. hækkun á umsamda launataxta.

Hvernig virkar kauphækkunartryggingin (5,5%)?

1. Hún tekur til allra sem hafa starfað samfelld hjá sama atvinnurekanda frá 1. júní 2005.

2. Kauphækkunartryggingin tryggir öllum sem hafa verið samfelld í starfi hjá sama atvinnurekanda frá 1. júní 2005 5,5% kauphækkun á tímabilinu.

3. Útfærsla á kauphækkunartryggingu er með eftirfarandi hætti. Launamaður sem fékk umsamda launahækkun 1. jan. 2006 2,5% en hefur ekki fengið aðrar hækkunar á tímabilinu fær 3% hækkun 1. júlí 2006 (5,5% - 2,5%). Til að finna út hvað hækkunin er mikil eru allar hækkunar á tímabilinu frá 1. júní 2005 dregnar frá 5,5% og ef viðkomandi hefur ekki náð 5,5% kemur mismunurinn sem launahækkun 1. júlí 2006. Dæmi: Hafi viðkomandi fengið 4% hækkun á tímabilinu er hækkunin 1. júlí 1,5%.

15.000 kr. kauphækkun

1. Allir lágmarkskauptaxtar Starfsgreinasambands Íslands, Sjómannasambands Íslands, Lands, ísl verslunarmanna, Samiðnar og SA hækka um 15.000 kr. frá 1. júlí 2006 og gildir það einnig um iðnnemataxta.

2. Laun þeirra sem eru á kauphækkun hækka því um 15.000 kr. frá 1. júlí 2006.

3. Lágmarkslaun (lágmarkstekjur fyrir fullt starf) hækka í

123.000 kr. á mánuði, frá 1. júlí 2006.

4. Textaviðaukanum er ætlað að draga úr því misvægi á vinnu-markaði sem myndast hefur vegna launahækkana hjá hinu opinbera á undanförunum mánuðum og misserum.

5. Ákvæðisvinnutaxtar skulu hækka um 7,5% frá 1.7.2006.

Textaviðauki og launapróunartrygging

• Þeir sem fá 15.000 kr. textaviðauka eiga ekki rétt á launapróunartryggingu til viðbótar.

• Einungis í þeim tilfellum sem yfirborganir falla niður á móti taxtahækkun eiga menn rétt á launapróunartryggingunni að auki.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar

• Skattleysismörk hækka í 90.000 kr. um næstu áramót.

• Persónuafsláttur mun framvegis hækka í samræmi við vísitölu neysluverðs.

• Vaxtabætur verða endurskoðaðar í haust ef í ljós kemur að hækkun fasteignaverðs á árinu 2005 hafi leitt til marktækrar skerðingar á vaxtabótum.

• Frá næstu áramótum verða barnabætur greiddar til 18 ára aldurs í samræmi við sjálf-ræðisaldur.

• Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að tekjuskattur einstaklinga lækki um 1% stig um næstu áramót.

• Vinnumarkaðurinn verður treystur og unnið gegn gervi-verktöku og ólöglegri atvinnustarfsemi.

• Grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta hækka 1. júlí 2006:

• Um 15.000 kr. umfram það sem þegar hafði verið ákveðið.

• Hámarksfjárhæð tekjutengdra atvinnuleysisbóta hækka í 185.400 kr.

• Greiðslur til aldraðra og öryrkja verða ákveðnar til samræmis við samkomulag aðila vinnumarkaðarins og hækkun atvinnuleysisbóta.

Þeim launþegum sem vilja fræðast betur um launabreytingarnar 1. júlí er bent á að hafa samband við Skrifstofu stéttarfélaganna í síma 464-6600.

Vel tekið á móti gestum





Stéttarfélagið Samstaða í Húnavatnssýslum bauð stjórn og trúnaðarmannaráði Verkalýðsfélags Húsavíkur í heimsókn í byrjun júní. Eins og vænta mátti tóku heimamenn vel á móti gestunum úr Píngeyjarsýslum og buðu þeim í skoðunarferðir, leiki og í kvöldverð.

Meðal þess sem gert var til skemmtunar var að fara í ratleik sem heimilisfólkið á Gauksmýri skipulagði. Á myndinni má sjá fólk keppast við að komast fyrst í mark eftir harða keppni enda ekkert gefið eftir. Verkalýðsfélag Húsavíkur þakkar Samstöðu fyrir frábærar móttökur.

*Hátíðarhöldin komin á disk
Ábugasamir geta fengið lánaðan DVD disk eða myndbands spólu með hátíðarhöldunum 1. maí á Skrifstofu stéttarfélaganna án endurgjalds.*

Séreignardeild LN

Hvar er þín séreign?



Séreignardeild LN hefur náð framúrskarandi árangri frá stofnun. Á síðasta ári var nafnávöxtun Safns I **17,0%** og Safns II **27,5%**.

Vandaðu valið, veldu séreignarsparnað hjá Lífeyrissjóði Norðurlands



Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500 • Fax 460-4501
Tölvupóstur: ln@ln.is • Heimasíða: www.ln.is